53. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár, að sú breyting varð á stjórn Isafoldarprentsmiðju h/f., á aðalfundi fjelagsins, sem haldinn var 21. september 1920, að Sveinn Björnsson hæstarjettarmálaflutningsmaður gekk úr stjórninni, og í hans stað var kosinn formaður Pjetur J. Thorsteinsson kaupmaður. Stjórn fjelagsins skipa nú: Pjetur J. Thorsteinsson kaupmaður, formaður. Aug. Flygenring kaupmaður, ritari. Ól. Johnson kaupmaður, gjaldkeri.

Virðingarfyllst
Ísafoldarprentsmiðja h/f.
Pjetur J. Thorsteinsson. Ól. Johnson.

54. Það tilkynnist hjermeð að herra haupmaður Björn Guðmundsson Grjótagötu 7, hefir prókúru-umboð fyrir verksmiðjur mínar De Islandske kem. & tekn. Fabrikker. — Hinar íslensku efnatilbúninsverksmiðjur (Chr. Fr. Nielsen).

De Islandske kem. & tekn. Fabrikker Reykjavík.
Chr. Fr. Nielsen.
Pr. p. Hinar íslensku efnatilbúningsverksmiðjur
(Chr. Fr. Nielsen).
Björn Guðmundsson.

55. Undirritaðir tilkynna hjer með að hlutafjelagið »Björk«, er hætt starfrækslu, og fjelagið leyst upp þann 1 október þessa árs.

Stjórn hlutafjelagsins »Björk«
Pjetur Ingimundarson. Kjartan Gunnlaugsson. Helgi Magnússon.

56. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg frá og með þessum degi hefi veitt fulltrúa mínum herra Ludvig C. Magnússyni í Reykjavík, prókúruumboð fyrir firma mitt.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pro. O. J Havsteen
L. C. Magnússon.
Reykjavík 17. júlí 1920
O. J. Havsteen

57. Vjer leyfum oss hjermeð að tilkynna til firmaskrárinnar, að herra kaupmaður Aug. Flygenring, Hafnarfirði, hefir verið kosinn í stjórn Hins íslenska steinolíuhlutafjelags. Hinn nýji stjórnandi ritar firmað ásamt formanni þannig: **140**

Hið íslenska steinolíuhlutafjelag
M. Eskildsen. Aug. Flygenring.
Virðingarfyllst
Hið íslenska steinolíuhlutafjelag
M. Eskildsen. Aug. Flygenring. Eggert Claessen. Jes. Zimsen.

58. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg hefi veitt herra kaupmanni Ólafi Proppé í Reykjavík prókúruumboð fyrir mig, frá og með þessum degi að telja. Jafnframt afturkallast hjermeð prókúruumboð það, er jeg á sínum tíma veitti herra lögfræðingi Birni Pálsyni Kalman. Ólafur Proppé ritar nafn mitt þannig:

p. p. G. Egilson
Ó. Proppé.
Reykjavík, 13. júlí 1920.
G. Egilson.

59. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar að þessir menn eru gegnir úr stjórn fiskiveiðahlutafjelagsins »Hilmir«. Guðmundur Kr. Guðmundsson, Ásgeir G. Gunnlaugsson og Jón Arnason, en í stað þeirra voru kosnir í stjórn fjelagsins á fundi þess 25. nóvember 1920, þeir Friðrik K. Magnússon formaður og meðstjórnendur Guðmundur Ólafs og Sigurður Hjaltested. Guðmundur Kr. Guðmundsson hefir ekki lengur prókúru fyrir fjelagið. Prókúruhafi er nú Skúli Jónsson, sem er framkvæmdarstjóri fjelagsins. Friðrik K. Magnússon og Guðmundur Ólafs rita firmað þannig:

Fiskiveiðahlutafjelagið »Hilmir«
Fr. K. Magnússon. Guðm. Ólafs,

Fr. K. Magnússon og Sigurður Hjaltested rita firmað þannig:

Fiskiveiðahlutafjelagið »Hilmir«
Fr. K. Magnússon. Sig. Hjaltested.

Guðm. Ólafs og Sig. Hjaltested rita firmað þannig:

Fiskiveiðahlutafjelagið »Hilmir«.
Guðm. Ólafs. Sig Hjaltested.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. h/f. »Hilmir«
Skúli Jónsson.
Reykjavík 11. desember 1920.
Fiskiveiðahlutafjelagið »Hilmir«
Fr. K. Magnússon. Guðm. Ólafs. Sig. Hjaltested.

## *II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.*

1. Arni Böðvarsson og Sigurður Símonarson tilkynna, að þeir reki, með ótakmarkaðri ábyrgð, »Lean»-holsteinagerð á Akranesi með einkaleyfi fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu undir nafninu »Holsteinagerðin Lean«. Báðir hafa rjett til að rita firmað.

Arni Böðvarsson ritar firmað þannig:

»H. S. G. Lean«
Arni Böðvarsson.

140 Sigurður Símonarson ritar firmað þannig:

»H. S. G. Lean«
Sigurður Símonarson.

2. Stjórn »Kaupfjelags Akraness« tilkynnir, að hún hafi veitt Arnmundi Gíslasyni prókúruumboð.

Hann ritar firmað þannig:

p. p. Kaupfjelag Akraness.
Arnmundur Gíslason.

3. Vigfús Guðmundsson og Björn Guðmundsson reka verzlun í Borgarnesi, báðir með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: Vigfús & Björn. Hvor um sig hefir rjett til að rita firmað.

Vigfús ritar firmað þannig:

Vigfús & Björn
Vigfús Guðmundsson.

Björn ritar firmað þannig:

Vigfús & Björn.
Björn Guðmundsson.

4. Í stjórn Kaupfjelags Borgfirðinga eru: Sigurður B. Runólfsson í Borgarnesi, framkvæmdarstjóri. Guðmundur Ólafsson á Lundum og Guðmundur Jónsson á Skeljabrekku, meðstjórnendur. Prókúruhafi er Sig. B. Runólfsson.

5. Bændur í Mýra-, Borgarfjarðar- og Hnappadalssýslum reka samvinnufjelag í Borgarnesi undir nafninu »Sláturfjelag Borgfirðinga« og annast fjelag þetta um slátrun á búfje fjelagsmanna, og sölu á afurðum af því. — Lög fjelagsins eru dagsett 20. júlí 1920. Fjelagsstjórnin getur tekið lán handa fjelaginu og veðsett eignir þess. Fjelagsmenn bera ábyrgð á skuldum fjelagsins sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, allir fyrir einn og einn fyrir alla. (In solidum). Stjórn fjelagsins skipa: Formaður: Sig. B. Runólfsson framkvæmdarstjóri. Sláturhússtjóri: Guðm. Jónsson, Skeljabrekku. Meðstjórnendur: Davíð Þorsteinsson, Arnbjargarlæk, Jón Hannesson, Deildartungu og Páll Jónsson, Einarsnesi. Prókúru hefir Sig. B. Runólfsson, Borgarnesi og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Sláturfjelag Borgfirðinga
Sig. B. Runólfsson.

Stofnfje fjelagsins er kr. 36,000,00.

## *III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.*

Jón Hallgrímsson og Hallgrímur Jónsson, til heimilis í Grafarnesi í Grundarfirði, tilkynna að þeir með firmanafninu »Jón Hallgrímsson & sonur« reka verslun og útgerð í verslunarstaðnum Grafarnesi í Grundarfirði, báðir með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita þeir báðir þannig: »Jón Hallgrímsson & sonur«.

## *IV. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.*

1. Ólafur Sigurðsson og Ólafur Pálsson tilkynna, að þeir reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu: Verslun S. Guðmundssonar. Rita firmað hvor um sig.

140

2. »Kaupfjelag Ísfirðinga« rekur verslun á Ísafirði. Fjelagar sem eiga 1 stofnbrjef og versla fyrir 100 kr. á ári, hafa fulla samábyrgð. Stofnfjeð er 4000 kr., innborgað, og skiftist í 100 kr. nafnhluti. Forstjóri ritar firmað utan Ísafjarðar, en 2 stjórnendur á Ísafirði. Í stjórn: Guðm. Guðmundsson forstjóri, Vilmundur Jónsson og Guðjón Jónsson meðstjórnendur. Lög 30. apríl 1920.

3. Ólafur Guðmundsson, Guðm. Pétursson, Þorl. Ólafsson og Jóhann Bárðarson tilkynna að þeir, auk verslunar í Bolungavík, reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð. Þeir rita hvor um sig firmanafnið Ólafur Guðmundsson & Co., með nafni sínu undir. Tilkynningin er gerð 2. mars 1920.

4. Kaupfjelag Mýrarhrepps rekur verslun á Þingeyri. Fjelagar hafa fulla samábyrgð. Lög 12. júní 1920. Í stjórn: Kristinn Guðlaugsson formaður, Friðrik Bjarnason, Björn Guðmundsson, Kristján Davíðsson, Jóhannes Daviðsson meðstjórnendur. Formaður ritar einn firmað. Óskar Jónsson hefir prókúru.

5. Ólafur Kárason tilkynnir að hann reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu:

Verslunin Björninn
Ól. Kárason.

6. Kaupfjelag Súgfirðinga rekur verslun á Suðureyri. Fjelagar hafa allir samábyrgð uns ár er liðið frá brottför úr fjelaginu. Friðbert Friðbertsson og Friðrik Hjartarson rita firmað hvor um sig. Prókúru hefir Magnús Arnason. Í stjórn: Þorvarður Brynjólfsson, formaður. Meðstjórnendur: Friðbert Friðbertsson, Friðrik Hjartarson, Halldór Guðmundsson, Jón Einarsson. Lög 16. ágúst 1920.

7. Stjórnin tilkynnir, að stórkaupmaður John Fenger í Reykjavík hafi prókúruumboð fyrir verslunarfjelagið:

Hæstikaupstaðurinn
(Nathan & Olsen).

8. Jóh. J. Eyfirðingur & Co. h/f. tilkynna, að Ingólfur Árnason hafi prókúruumboð.

9. Ólöf Benediktsdóttir tilkynnir að hún reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu:

Verslunin Ljónið,
Ólöf Benediktsdóttir.

Gísli Hjálmarsson hefir prókúru.

10. Óli Ketilsson kaupmaður tilkynnir að hann reki verslun á Ísafirði með fullri ábyrgð undir firmanafninu:

Nýja Búðin,
Óli Ketilsson.

Hann ritar firmað þannig:

Nýja Búðin,
Óli Ketilsson.

140 11. Guðjón Halldórsson járnsmiður, Kristján A. Kristjánsson kaupmaður og Örnólfur Valdimarsson kaupmaður, reka í fjelagi járnsmíðaverkstæði á Suðureyri með fullri ábyrgð með firmanafninu: G. Halldórsson & Co. Sala fasteigna og veðsetning fer fram í sameiningu, en annars rita þeir firmað hver um sig með nafnfesting. Samningar 27. nóvember 1920.

## V. *Húnavatnssýsla.*

1. Sláturfjelag Austur-Húnvetninga tilkynnir hjermeð, að sú breyting hefir orðið á stjórn fjelagsins, að úr henni hafa gengið Einar Jósefsson og Jón Hannesson og í stað þeirra hafa komið Hannes Jónsson á Undirfelli og Bjarni Jónasson frá Litladal.

Rjett til að rita firma hefir fjelagsstjórnin, en prókúruumboð hafa að eins Hannes Jónsson og Árni Á. Þorkelsson.

Blönduósi, 11. september 1920.

Í stjórn Sláturfjelags Austur-Húnvetninga.

Hannes Jónsson. Bjarni Jónasson. Jón Jónsson.

2. Samkvæmt símskeyti frá stórkaupmanni Carl Sæmundsen, Kaupmannahöfn, hingað, dags. í dag, er firmað Carl Sæmundsen & Co., Blönduósi, hætt atvinnurekstri á Blönduósi.

## VI. *Skagafjarðarsýsla.*

Kaupfjelag Fellshrepps rekur verslun í Hofsós. Lög fjelagsins dagsett 20. mars 1920. Hver fjelagsmaður greiðir 5 kr. inntökugjald og ábyrgjast þeir allir skuldir þess in solidum, uns eitt ár er liðið frá burtför þeirra úr fjelaginu.

Stjórnendur eru: Jón Konráðsson hreppstjóri í Bæ, Sveinn Árnason hreppstjóri á Felli og Tómas Jónasson oddviti á Miðhóli. Stjórnin í heild sinni ritar firmað.

## VII. *Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.*

1. Jóhannes Þorsteinsson kaupmaður og Jón E. Sigurðsson kaupmaður, báðir til heimilis hjer í bænum, reka ýmiskonar verslun á Akureyri og útibú á Siglufirði með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

»Verslunin Hamborg, Jóhannes Þorsteinsson & Co.«

Jón E. Sigurðsson ritar einn firmað þannig:

Jóhannes Þorsteinsson & Co.

Jón E. Sigurðsson.

Akureyri, 5. janúar 1920.

Jóhannes Þorsteinsson.

Jón E. Sigurðsson.

2. Hlutafjelagið »Sv. Sigurjónsson & Co.« tilkynnir, að það reki verslun með allskonar vörur. Hlutafjelagið er stofnað 1. maí 1919 og lög þess samþykt. Hlutafjeð 7000 krónur, er skiftist í 7 hluti, 1000 krónur hver, er að fullu innborgað, og hljóða hlutabrjefin á nafn. Í stjórn fjelagsins eru: Hallgrímur Kristjánsson formaður. Meðstjórnendur: Gísli R. Magnússon og Eggert Melstað, allir búsettir á Akureyri. Framkvæmdarstjóri fjelagsins er: Sveinn Sigurjónsson Akureyri. Undirskrift formanns og framkvæmdarstjóra

í sameiningu, skuldbindur fjelagið og eignir þess. Lögheimili fjelagsins og varnarþing er Akureyri. 140

Formaður og framkvæmdarstjóri rita firmað þannig:

p. p. h/f. Sv. Sigurjónsson & Co.
Hallgr. Kristjánsson.
Sveinn Sigurjónsson.
Akureyri, 1. maí 1920.
Stjórn h/f. Sv. Sigurjónsson & Co.
Hallgr. Kristjánsson. Gísli R. Magnússon. Eggert Melstað.

3. Hólmfríður S. Geirdal rekur verslun í Grímsey innan Eyjafjarðarsýslu, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu »H. Geirdal«. Prókúruumboð hefir maður hennar Steinólfur E. Geirdal og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H. Geirdal.
Steinólfur E. Geirdal.

## *VIII. Þingeyjarsýsla.*

1. Bjarni Benediktsson og Páll Einarsson, báðir til heimilis hjer í bænum, reka ýmiskonar verslun og útgerð í Húsavík í Suður-Þingeyjarsýslu, með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

Bjarni Benediktsson & Co.
og rita þeir báðir firmað þannig:
Bjarni Benediktsson & Co.
Húsavík, 17. nóvember 1919.
Bjarni Benediktsson. Páll Einarsson.

2. Undirrituð stjórnarnefnd Kaupfjelags Langnesinga gefur hjermeð meðundirrituðum formanni stjórnarinnar Guðmundi Vilhjálmssyni á Syðra-Lóni fult umboð sem prókúrista fyrir ofannefnt fjelag, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903.

Firmað ritar hann þannig:
pr. pr. Kaupfjelag Langnesinga.
Guðm. Vilhjálmsson.
Þórshöfn, 26. ágúst 1920.
Í stjórnarnefnd Kaupfjelags Langnesinga.
Guðm. Vilhjálmsson. Jóhannes Jóhannesson. Ólafur Þórarinsson.

## *IX. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.*

1. Jeg undirritaður Tanke Hjemgaard kaupmaður á Seyðisfirði, gef hjermeð erfingjum T. L. Imsland sama staðar, fult og ótakmarkað prókúruumboð til að annast öll mín viðskifti hjer á landi frá því í dag.

140 Prókúristarnir rita nöfn sín fyrir mína hönd þannig:

p. p. T. Hjemgaard Seyðisfirði
Erfingjar T. L. Imsland.
T. C. Imsland
eða: L. J. Imsland.
Seyðisfirði, 6. desember 1919.
T. Hjemgaard.

2. Hlutafjelagið »Prentsmiðjufjelag Austurlands« rekur atvinnu á Seyðisfirði við rekstur prentsmiðju og útgáfu blaðsins »Austurland«. Lögheimili fjelagsins er á Seyðisfirði. Lög fjelagsins samþykt á aðalfundi 12. desember 1919. Formaður Jón Jónsson bóndi í Firði. Meðstjórnendur: Eyjólfur Jónsson bankastjóri á Seyðisfirði, Benedikt Jónasson verslunarstjóri á Seyðisfirði, Hermann Þorsteinsson skósmiður á Seyðisfirði, St. Th. Jónsson konsúll og kaupmaður á Seyðisfirði. Formaður og tveir meðstjórnendur hafa heimild til þess að skuldbinda fjelagið. Hlutafje fjelagsins er ákveðið alt að 25 þúsund kr., sem skiftist í 100 hluti á 250 kr. hver. Af hlutafjenu er selt 22 þúsundir kr. og innborgast alt hlutafje jafnóðum og selt er. Tilkynningar til fjelagsmanna auglýsast í blaðinu »Austurland«. Hlutabrjefin hljóða upp á nafn eiganda.

3. »Kaupfjelag Austfjarða« rekur verslun á Seyðisfirði, undir sama nafni. Lög fjelagsins eru dagsett 25. apríl 1920. Hver fjelagsmaður greiðir 20 krónur, er hann gengur í fjelagið og ábyrgjast þeir allir skuldir þær, er myndast hafa á meðan þeir eru í fjelaginu, »in solidum«, uns tvö ár eru liðin frá brottför þeirra úr því. Í stjórn fjelagsins eru: Stefán Baldvinsson, Stakkahlíð Loðmundarfirði, formaður, Hjálmar Vilhjálmsson, Brekku Mjóafirði, varaformaður og Arni Friðriksson, Þórarinsstaðaeyrum Seyðisfirði, meðstjórnandi. Varamaður í stjórninni er, Jón Sigurðsson Seyðisfirði. Prókúru hefir framkvæmdarstjóri fjelagsins, Sigurður Vilhjálmsson Seyðisfirði. Tilkynningar skal birta í Lögbirtingablaðinu.

Stjórn fjelagsins ritar firmað þannig:
»Kaupfjelag Austfjarða«
Stefán Baldvinsson. Hjálmar Vilhjálmsson. Árni Friðriksson.
Formaður ritar firmað þannig:
»Kaupfjelag Austfjarða«
Stefán Baldvinsson.
Prókúristinn ritar firmað þannig:
p. p. »Kaupfjelag Austfjarða«
Sig. Vilhjálmsson.

## *X. Suður-Múlasýsla.*

1. Engelhardt Svendsen og Páll G. Þormar, báðir til heimilis í Neskauptúni í Norðfirði tilkynna hjermeð til skrásetningar í firmaskrána, að þeir í fjelagi reka vjelsmíðaverkstæði á Norðfirði undir firmanafninu: »Vjelaverkstæði Norðfjarðar« (Svendsen & Þormar) með ótakmarkaðri ábyrgð. Til reksturs atvinnunnar hafa þeir hvor um sig lagt fram kr. 2500,00, eða samtals kr. 5000,00. Rjett til að skuldbinda firmað hafa eigendur hvor um

sig, að öllu öðru leyti en því, er til veðsetningar kemur á eignum sameignarinnar, þá skal þurfa undirskrift beggja, annars hvors sem er. 140

Engelhardt Svendsen ritar firmað þannig:

»Vjelaverkstæði Norðfjarðar«
(Svendsen & Þormar).
Engelhardt Svendsen.

Páll G. Þormar ritar firmað þannig:

»Vjelaverkstæði Norðfjarðar«
(Svendsen & Þormar).
Páll G. Þormar.

3. Kaupfjelag Eskifjarðar rekur verzlun á Eskifirði undir sama nafni. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 20. janúar 1920. Fjelagsmenn ábyrgjast skuldir þess in solidum, uns ár er liðið frá brottför þeirra úr fjelaginu. Í stjórn eru: Jóhann Þorvaldsson útvegsmaður Eskifirði, Jón Brynjólfsson útvegsmaður Eskifirði og Jón Valdimarsson kennari Eskifirði. Formaður fjelagsins er Jón Valdimarsson kennari Eskifirði. Prókúru hefir: Ólafur Hermannson Eskifirði, framkvæmdarstjóri fjelagsins.

Firmað skrifar meiri hluti stjórnarinnar þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Eskifjarðar
Jón Valdimarsson. Jóhann Þorvaldsson
eða
Jón Valdimarsson. Jón Brynjólfsson
eða
Jóhann Þorvaldsson. Jón Brynjólfsson.

3. Jeg undirritaður Hallgrímur Benediktsson, sem rek heildsölu og umboðsverslun í Reykjavík með nafninu H. Benediktsson, tilkynni hjermeð, að jeg hefi sett á stofn útbú á Reyðarfirði, með nafninu: »H. Benediktsson, útbúið á Reyðarfirði«. Útbúið rekur heildsölu og umboðsverslun og get jeg sjálfur ritað firmað. Jeg er einn eigandi firmans og fullábyrgur. Pjetur Bóasson hefir prókúru fyrir firmað. Einnig hefir Hallgrímur A. Tulinius prókúru fyrir firmað.

Reykjavík, 23. maí 1919.
H. Benediktsson.

Prókúru hefir Pjetur Bóasson og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H. Benediktsson, Reyðarfirði.
Pjetur Bóasson.

Prókúru hefir ennfremur Hallgrímur A. Tulinius og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. H. Benediktsson, Reyðarfirði.
H. A. Tulinius.

4. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar tilkynnir til firmaskrár Suður-Múlasýslu: Lögheimili fjelagsins er á Eskifirði. Lög þess dags. 10. janúar 1920. Ábyrgð þess gagnkvæm. Fjelagið selur afurðir fiskiveiða og kaupir það, sem framleiðslan þarfnast. Í stjórninni eru 3 menn: Bjarni Sigurðsson, Finnbogi Erlendsson, Halldór Jónsson, og auk hennar fram-

140 kvæmdarstjóri Símon Jónasson. Undir skuldbindingar fjelagsins rita framkvæmdarstjóri og einn maður úr stjórninni, eða tveir menn úr stjórninni, þannig:

Pr. Útgerðarmannafjelag Eskifjarðar.
Símon Jónasson. Bjarni Sigurðsson.
eða
Símon Jónasson. Finnbogi Erlendsson.
eða
Bjarni Sigurðsson. Halldór Jónsson.
Prókúru hefir Símon Jónasson.

5. Undirritaðir Marteinn Þorsteinsson, Jónas Gíslason og Björgvin Þorsteinsson, allir til heimilis á Fáskrúðsfirði, tilkynnum hjermeð að við rekum í fjelagi verslun á Búðum í Fáskrúðsfirði, sem fullábyrgir fjelagar, með allskonar innlendar og útlendar vörur, undir firmanafninu Marteinn Þorsteinsson & Co. og skal undirskrift hvers okkar vera bindandi fyrir firmað.

Búðum í Fáskrúðsfirði, 2. júní 1920.
Marteinn Þorsteinsson. Jónas Gíslason. Björgvin Þorsteinsson.

Marteinn Þorsteinsson ritar firmað þannig:
Marteinn Þorsteinsson & Co.
Marteinn Þorsteinsson.

Jónas Gíslason ritar firmað þannig:
Marteinn Þorsteinsson & Co.
Jónas Gíslason.

Björgvin Þorsteinsson ritar firmað þannig:
Marteinn Þorsteinsson & Co.
Björgvin Þorsteinsson.

6. »Kaupfjelag Breiðdæla« rekur verslun á Breiðdalsvík undir sama nafni. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 9. janúar 1920. Hver fjelagsmaður greiðir 10 kr. er han gengur í fjelagið, og ábyrgjast þeir allir skuldir þess, in solidum, uns 2 ár eru liðin frá brottför þeirra úr fjelaginu. Í stjórn eru: Hóseas Björnsson, Guðmundur Árnason og Lárus Jónsson. Prókúru hefir: Einar Björnsson. Tilkynningar skal birta í Lögbirtingablaðinu. Hóseas Björnsson hefir einn stjórnenda rjett til þess að rita firmað.

Hóseas Björnsson ritar firmað þannig:
Kaupfjelag Breiðdæla.
Hóseas Björnsson.

Prókúristinn ritar firmað þannig:
p. p. Kaupfjelag Breiðdæla.
Einar Björnsson.

Þverhamri 1. mars 1920.
Hóseas Björnsson. Lárus Kr. Jónsson. Guðmundur Arnason.

## *XI. Skaftafellssýsla.*

Kaupfjelag Austur-Skaftfellinga — símnefni Kask — rekur verslun á Hornafirði, með innlendar og útlendar vörur. Stjórn fjelagsins skipa: Formaður Þorleifur Jónsson alþm.

í Hólum, meðstjórnendur Sigurður Jónsson bóndi í Stafafelli, Gunnar Jónsson bóndi í Þinganesi, Halldór Eyjólfsson bóndi í Hólmi og Steinþór Þórðarson bóndi í Hala. Framkvæmdarstjóri fjelagsins, er hefir prókúru fyrir það, er Guðm. J. Hoffell, og ritar hann firmað þannig: 140

pr. pr. Kaupfjelag Austur-Skaftfellinga.
Guðm. J. Hoffell.

Lög fjelagsins eru samþykt 28. desbr. f. á.

## *XII. Vestmannaeyjasýsla.*

1. Undir firma: »Fiskiveiðafjelagið Draupnir h/f.« eru frá Vestmannaeyjum reknar fiski veiðar og atvinnugreinar, sem standa í sambandi við fiskiveiðaútgerð svo og kaupskapur með fiskiveiðaafurðir og vörur, sem snerta fiskiveiðaútgerð, af hlutafjelagi með lögum frá 7. febrúar 1920. Í stjórn fjelagsins eru þrír menn og eru það þeir: Gísli Lárusson framkvæmdarstjóri Vestmannaeyjum, formaður, Bjarni Sighvatsson kaupmaður, Reykjavík, varaformaður og Kristmann Þorkelsson yfirfiskimatsmaður, Vestmannaeyjum. Formaður og einhver annar úr stjórn fjelagsins ritar firmað. Prókúru hefir: Gísli Lárusson framkvæmdarstjóri. Hlutafjeð er 330,000 krónur, sem er skift í 66 hluti á 5000 krónur. Hlutafjeð er alt innborgað. Hlutabrjef hljóða á nafn. Tilkynningar til fjelagsmanna skulu gerðar í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti. Stjórnin ritar firmað þannig:

Fiskiveiðafjelagið Draupnir h/f.
Gísli Lárusson.
Kristmann Þorkelsson eða Fiskiveiðafjelagið Draupnir h/f.
Gísli Lárusson. Bjarni Sighvatsson.
Prókúristinn ritar firmað þannig:
p. p. Fiskiveiðafjelagið Draupnir h/f.
Gísli Lárusson.
Vestmannaeyjum, 9. febr. 1920.
Gísli Lárusson. Kristmann Þorkelsson. Bjarni Sighvatsson.

2. Undir firma: »Fiskiveiðahlutafjelagið Víkingur« eru reknar fiskiveiðar í Vestmannaeyjum af hlutafjelagi með lögum dags. 7. nóv. 1919. Í stjórn fjelagsins eru 3 menn og eru þeir: Þorsteinn Þorsteinsson, kaupmaður, Vík, formaður, Guðlaugur Br. Jónsson kaupmaður Vestmannaeyjum, varaformaður og Jón Þorsteinsson kaupmaður, Vík, ritari. Formaður og einhver annar úr stjórn fjelagsins ritar firmað. Prókúru hefir: Guðlaugur Br. Jónsson kaupmaður. Hlutafje er 35000 krónur, skift í 14 hluti á 2500 krónur. Hlutabrjef hljóðar á nafn. Hlutafjeð greiðist 10. desember 1919.

Stjórnin ritar firmað þannig:
Fiskiveiðahlutafjelagið Víkingur
Þorsteinn Þorsteinsson,
Jón Þorsteinsson
eða Fiskiveiðahlutafjelagið Víkingur
Þorsteinn Þorsteinsson. Guðlaugur Br. Jónsson.

140 Prókúristinn ritar firmað þannig:

p. p. Fiskiveiðahlutafjelagið Víkingur.
Guðlaugur Br. Jónsson.
Vík, 25. nóv. 1919.
Þorsteinn Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.
Vestmannaeyjum, 28. nóv. 1919.
Guðl. Br. Jónsson.

3. Firmað »Björgunarfjelag Vestmannaeyja«, annast bjargráð, eftirlit með veiðarfærum, og landhelgisgæslu við Ísland fyrst um sinn með björgunar- og eftirlitsskipinu »Þór« frá Vestmannaeyjum. Lög fjelagsins eru frá 7. apríl 1919. Stjórn fjelagsins skipa 5 hluthafar í Vestmannaeyjum, þeir: bæjarfógeti Karl Einarsson formaður, kaupmaður Jóhann Þ. Jósefsson ritari, kaupfjelagsstjóri Jón Hinriksson, lyfsali Sigurður Sigurðsson og kaupfjelagsstjóri Gísli Lárusson. Heimild til að rita firmað hefir formaður og tveir meðstjórnendur hverjir sem eru: Útgerðarstjóri Jóhann Þ. Jósefsson kaupmaður getur skuldbundið fjelagið í daglegum rekstri. Hlutabrjef hljóða á nafn og skiftast í 25, 50, 100 og 500 króna hluti. Hlutafjeð er 180 þúsund krónur, þar af eru innborgaðar 160 þúsund krónur. Stofnfje ennfremur áætlað 90 þúsund krónur úr landssjóði, þar af innborgaðar 40 þúsundir. Aðalfundur skal auglýstur í Lögbirtingablaðinu með tveggja mánaða fyrirvara. Í Vestmannaeyjum eru hluthafar kallaðir með þriggja daga fyrirvara.

Vestmannaeyjum, 13. og 18. mars 1920.
Stjórn Björgunarfjelags Vestmannaeyja.
Jóhann Þ. Jósefsson. Karl Einarsson. Sigurður Sigurðsson.
Jón Hinriksson. Gísli Lárusson.

4. Stjórn kaupfjelagsins »Drífandi« í Vestmannaeyjum, þeir útgerðarmennirnir Eiríkur Ögmundsson, Guðmundur Sigurðsson, Sigfús Scheving, verkamaður Guðlaugur Hansson og trjesmiður Guðmundur Magnússon, allir í Vestmannaeyjum tilkynna að kaupfjelagið Drífandi reki verslun, undir nefndu firma. Fjelagsmenn greiða í inngangseyri minst 100 kr. og ábyrgjast skuldir fjelagsins sameiginlega — in solidum —, þó svo að hver einstakur fjelagsmaður losnar við skuldbindingar sínar 1 ári eftir að hann fer úr fjelaginu. Samþyktirnar eru frá 29. maí 1920. Birtingar til fjelagsmanna skulu vera brjeflegar eða opinberlega auglýstar með þriggja daga fyrirvara. Ísleifur Högnason er framkvæmdarstjóri fjelagsins, og er hann prókúruhafi. Ritar hann firmað þannig:

p. p. kaupfjelagið Drífandi
Ísleifur Högnason.

5. Stjórn Fiskiveiðafjelagsins »Draupnir« h/f. tilkynnir: Samkvæmt lagabreytingu á fundi í Fiskiveiðafjelaginu »Draupnir« h/f., 8. sept. 1920, eru 5 menn í stjórn fjelagsins og 1 varamaður og eru það þessir: Gísli Lárusson framkvæmdarstjóri Vestmannaeyjum, formaður; Kristmann Þorkelsson fiskimatsmaður Vestmannaeyjum; Símon Egilsson útvegsbóndi Vestmannaeyjum; Bjarni Sighvatsson stórkaupmaður Reykjavík og Guðmundur Kristjánsson skipamiðlari Reykjavík: varamaður er Þorsteinn Jónsson útvegsbóndi Vestmannaeyjum. Prókúru hafa formaður og útgerðarstjóri með sama valdsviði og ákveðið er fyrir prókúruhafa í 25. gr. laga nr. 42, 13. nóv. 1903.

Á stjórnarfundi í fjelaginu 12. sept. 1920 var skipstjóri Guðmundur Sigurðsson í Reykjavík ráðinn útgerðarstjóri fjelagsins. 140

Prókúruhafarnir rita firmað þannig:

Gísli Lárusson ritar: p. p. Fiskiveiðafjelagið »Draupnir« h/f.
Gísli Lárusson.

Guðmundur Sigurðsson ritar: p. p. Fiskiveiðafjelagið »Draupnir« h/f.
Guðmundur Sigurðsson.

## *XIII. Árnessýsla.*

Kaupfjelag Grímsnesinga rekur verslun á Minniborg í Grímsnesi, undir nafninu »Kaupfjelag Grímsnesinga«. Samþyktir fjelagsins eru dags. 1. apríl 1919. Fjelagsmenn ábyrgjast skuldir þess in solidum. Í stjórninni eru: Stefán Diðriksson framkvæmdarstjóri á Minniborg, Guðlaugur Þórðarson bóndi á Vatnsnesi, Þorsteinn Briem, prestur á Mosfelli, Eiríkur Þ. Stefánsson, prestur á Torfastöðum og Björn Bjarnason, hreppstjóri á Brekku. Prókúru hefir: Stefán Diðriksson framkvæmdarstjóri á Minniborg. Rjett til að rita firmað hafa: Stefán Diðriksson, Guðlaugur Þórðarson.

Guðlaugur Þórðarson ritar firmað þannig:

Kaupfjelag Grímsnesinga
Guðl. Þórðarson.

Prókúristinn ritar firmað þannig:

p. p. Kaupfjelag Grímsnesinga
Stefán Diðriksson.

## *XIV. Gullbringu- & Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.*

1. »H/f. Eos« tilkynnir, að fjelagið reki atvinnu við siglingar undir firmanafninu »hlutafjelagið Eos«. Lögheimili fjelagsins er í Hafnarfirði. Lög fjelagsins eru dagsett 2. janúar 1920. Hlutafje fjelagsins er kr. 105,000,00, er skiftist í 30 hluti, sem hver er að upphæð kr. 3,500,00. Af hlutafjenu eru þegar teiknaðar kr. 94,500,00. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Helmingur hlutafjárins greiðist 14. jan. 1920 og afgangurinn fyrir 15. febr. 1920. Stjórn fjelagsins skipa: Formaður: Lárus Fjeldsted, lögfræðingur, Reykjavík. Meðstjórnendur: Jóh. J. Reykdal, kaupmaður, Setbergi við Hafnarfjörð. Ásmundur Árnason, bóndi, Hábæ í Vogum. Varastjórnandi: Guðmundur Guðmundsson, bóndi á Vegamótum, Reykjavík. Prókúruumboð hefir firmað G. Kr. Guðmundsson & Co., Reykjavík. Tilkynning til hluthafa sendist í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Stjórn fjelagsins ritar firmanafnið þannig:

Jóh. J. Reykdal & Lárus Fjeldsted rita:

pr. h/f. Eos.
Jóh. J. Reykdal. Lárus Fjeldsted.

Jóh. J. Reykdal & Ásmundur Árnason rita:

pr. h/f. Eos.
Jóh. J. Reykdal. Ásmundur Árnason.

Ásmundur Árnason & Lárus Fjeldsted rita:

pr. h/f. Eos.
Ásmundur Árnason. Lárus Fjeldsted.

Prókúruhafi ritar:
pr. h/f. Eos.
G. Kr. Guðmundsson & Co.

2. Hlutafjelagið »Norðri«, stofnað 27. nóvbr., tilkynnir að ætlunarverk þess sje, samkvæmt lögum fjelagsins samþyktum s. d., að hagnýta eignir þess: Gufunes, Knútskot, Eiði og Geldinganes, með því sjerstaklega, að gera þar hafnarvirki, bryggjur, fiskreiti, byggingar og annað, er til þess þarf að útgerðarfjelög geti haft þar stöðvar sínar. Að yrkja og bæta jarðirnar til landbúnaðar, og ef til vill í framtíð að reka þaðan útgerð. Stjórn fjelagsins skipa 5 hluthafar, formaður og 4 meðstjórnendur. Undirskrift formanns og tveggja meðstjórnenda nægir til þess að skuldbinda fjelagið. Prókúruumboð hefir Þorsteinn Jónsson frá Seyðisfirði. Hlutafjeð er alt 500,000 krónur, er skiftist í 1000 og 5000 króna hluti. Hlutir hljóða upp á nafn. Innborgað hlutafje nú þegar 120 þúsund krónur. Birtingar til fjelagsmanna fara fram brjeflega eða með símskeyti til þeirra.

3. Steingrímur Torfason og Sveinn Jónsson, báðir til heimilis í Hafnarfirði, tilkynna að þeir reki verslun undir firmanafninu »Veiðarfæraverslunin Alda«, með sameiginlegri ábyrgð.

Rita þeir hvor um sig firmað þannig:

»Veiðarfæraverslunin Alda«
Steingrímur Torfason.
»Veiðarfæraverslunin Alda«
Sveinn Jónsson.
Hafnarfirði 12. febr. 1920.
Steingrímur Torfason. Sveinn Jónsson,

4. Klæðskerarnir Einar Einarsson og Einar Hans Sigurðsson í Hafnarfirði tilkynna 5. þ. m., að þeir reki klæðskeraiðn í Hafnarfirði með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Einar & Hans. — Hvor um sig ritar firmað þannig:

Einar Einarsson ritar:

Einar & Hans.
E. Einarsson.

Einar Hans Sigurðsson ritar:

Einar & Hans.
E. H. Sigurðsson.

5. Sigurjón Pjetursson og Einar Pjetursson, kaupmenn í Reykjavík, tilkynna, að þeir, undir firmanafninu: »Klæðaverksmiðjan Álafoss« reki ullariðnað með vjelum á Álafossi í Mosfellssveit. Báðir bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum fjelagsins og hafa hvor fyrir sig rjett til að rita firmað. Til þess að veðsetning á eignum fjelagsins sje gild, eða sala á fasteignum þess, þarf þó undirskrift beggja. Báðir eiga jafnan hluta í fjelaginu. Hvorugur hefir rjett til að selja sinn hluta í fjelaginu án samþykkis hins.

Sigurjón Pjetursson ritar:

Klæðaverksmiðjan Álafoss
Sigurjón Pjetursson.

Einar Pjetursson ritar: 140
Klæðaverksmiðjan Alafoss
Einar Pjetursson.
Reykjavík, 20. maí 1920.
Sigurjón Pjetursson Einar Pjetursson.

6. Við undirritaðir rekum verslun með kol, salt, fisk og ýmsar útlendar vörur undir firmanafninu »Þórður & Ingólfur Flygenring«, með ótakmarkaðri ábyrgð. —

Firmað ritum við þannig:
Þórður & Ingólfur Flygenring.
Þórður Flygenring.
Þórður & Ingólfur Flygenring.
Ingólfur Flygenring.

# Auglýsing 141

## frá skráritara vörumerkja í Reykjavík,

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1920.

*Skrás. 1920 nr. 1.*

Tilkynt 23. desember 1919, kl. 4 síðd., af Shinola Company, verksmiðjurekstur, Rochester í New-York-ríki, Bandaríkjunum, N.-Am. og skrásett 16. janúar 1920.

**SHINOL'A**

Lýsing á merkinu:
Orðið Shinol'A, sem einungis á að ná til bursta og áburðar til skófágunar.
Samkv. 2 tilk. dags. 7. apríl 1911 og 10. jan. 1912, er merkið skrásett í Washington 16. júlí 1912, fyrir ofangreindar vörutegundir, 4. og 29. flokki.